

## Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar, haldið í Logalandi 7. Mars 2015

1. Setning:  
Sigurður Guðmundsson sambandsstjóri UMSB setti fundinn
2. Kosning þingforseta og ritara  
Guðmundur Sigurðsson kjörinn þingforseti  
Berlind Ósk Guðjónsdóttir og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir kjörnir  
ritarar þingsins

3. Kosning Kjörbréfaritara  
Þingforseti lagði til að eftirfarandi aðilar yrðu kjörnir í  
kjörbréfanefnd sem var samþykkt.

Agnes Guðmundsdóttir, Haukur Þórðarson og Kristján Gíslason  
kjörin í Kjörbréfanefnd sem var samþykkt samhljóða

4. Skýrsla stjórnar  
Sigurður Guðmundsson formaður UMSB flutti skýrslu stjórnar

5. Álit kjörbréfanefndar  
UMF Íslendingur  
Aðalheiður Kristjánsdóttir  
Rósa Marinósdóttir  
Sólrún Halla Bjarnadóttir

UMF Dagrenning  
Þorvaldur Ingi Árnason

UMF Reykdæla  
Berglind Ósk Guðjónsdóttir  
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

UMF Stafholtstungna  
Sæunn E. Sverrisdóttir

Agnes Guðmundsdóttir

UMF Skallagrímur vantar 3 aðila

Sigríður Bjarnadóttir

Guðbjörg Sigurðardóttir

Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Gestur Grétarsson

Pálmi Blængsson

Sigurður Guðmundsson

Kristmar Ólafsson

Haukur Þórðarson

UMF Egill Skallagrímsson

Sigurður Arilíusson

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Hrönn Jónsdóttir

UMF Björn Hítðælakappi

Gísli Friðjónsson

Hestamannafélagið Faxi

Harpa Sigríður Magnúsdóttir

Sverrir Geir Guðmundsson

Hildur Edda Þórarinsdóttir

Hestamannafélagið Skuggi

Kristján Gíslason

Rósa Emilsdóttir

Svanhildur Svansdóttir

Golfklúbbur Borgarnes

Ingvi Árnason

Björgvin Ó Bjarnason

Guðríður E. Pálsdóttir

Golfklúbburinn Glanni

Snorri Þórðarson

Skotfélag Vesturlands  
Þórður Sigurðsson

Golfklúbburinn Skrifla  
Magnús Sigurðsson

Dansíþróttafélag Borgarfjarðar  
Guðrún H. Þórðardóttir

6. Kosning starfnefnda þingsins  
Eftirfarandi nefndir og formenn hennar starfa á þinginu  
Fjárhagsnefnd, Kristmar Ólafsson  
Allsherjanefnd, Rósa Marinósdóttir  
Félags og laganefnd, Snorri Þórðarson

7. Umræður um skýrslu stjórnar  
Rósa Marinósdóttir kom í pontu og þakkaði stjórn fyrir að öll aðildafélög séu komin í sameiginlega búninga sem sameinar félögin. Þakkar einnig fyrir að félagið sé búið að landa samning við Borgarbyggð um húsnæði niðri við íþróttahús. Ein athugasemd, úthlutun úr afrekssjóðnum var sagður 700 þúsund en hagnaður var upb. 700 þús og eingöngu má úthluta 75% af hagnaði sjóðsins. Rósa bendir einnig á að mikilvægt sé að byrja núna að undirbúa tjaldstæði fyrir ULM 2016 svo að þetta verði almennilegt og það sé hægt að vera þar ef það skyldi rigna. Unglingalandsmótin eru frábærar skemmtanir, þarf að standa vel að landsmóti 2016.

Guðbjörg Sigurðardóttir spyr út í skammtímaskuldir afreksmannasjóðsins.

Sigurður Guðmundsson þakkar Rósu fyrir góða hvatningu. Sigurður bendir á skýringu 25 sem er reikningur afreksmannasjóðs. Tekjur sjóðsins voru 700 þúsund og til úthlutunar verða 500 þúsund. Við gerðum upp skuld sjóðsins en áttum eftir að færa inn lottótekjur sjóðsins.

Rósa. Var ekki skuld við sjóðinn sem var ekki virkur áður sem fluttist yfir á þennan sjóð?

Sigurður, nei ef þið skoðið lið 25 þá sjáið þið að það var halli fyrir. Núna er nokkurnvegin sama tala inn á peningamarkaðsreikningnum og átti að vera um áramót.

Kristmar saknar þess að sjá ekki í ársskýrslunni hvernig sjóðurinn er notaður og hvernig staðan er. Ætti að gera grein fyrir því hvernig sjóðurinn stendur líkt og gert er grein fyrir í reikningunum.

Sigurður, Ekki verið gert eftir að ég kom inn, gerði grein fyrir því hvernig sjóðurinn er settur upp og vinnureglurnar á bak við hann.

## 8. Ávörp gesta

Gjaldkeri ÍSÍ Gunnar Bragason flytur ávarp, skilar kveðju frá Lárusi Blöndal forseta ÍSÍ og rifjar upp gamlar minningar í Logalandi. Tekjur félaganna eru alltaf umtölunarefni. Lottó hefur verið að gefa góðar tekjur en lotto er lotto og vont að gera ráð fyrir þessum tekjum þar sem þær eru mismunandi eftir árum.

Gerði grein fyrir fjárhagsstöðu ÍSÍ sem þrátt fyrir aukið framlag frá ríkissjóði stendur ekki nógu vel. ÍSÍ vill að ríkissjóður komi til móts við afreksíþróttamenn Íslands og setji þá á launaskrá hjá ríkinu. Smáþjóðaleikarnir eru á Íslandi 1.-6. júní í Reykjavík þar sem 9 þjóðir taka þátt. Þar er mikil þörf á sjálfboðaliðun enda þarf að halda uppi um 2-3000 manns og sjá þeim fyrir fæði og húsnæði auk alls utanumhalds utan um keppnina. Föst verkefni eru lífshlaupið, hjólað í vinnuna, kvennahlaupið og fleira. Þakkar fyrir boð á þingið og óskar öllum félögum og þingmönnum góðs gengis.

Gunnar Gunnarsson flytur ávarp fyrir hönd UMFÍ.

Flytur kveðju frá Helgu formanni og stjórn UMFÍ. Gaman að sjá blómlegt starf í aðildafélögum sem og samstarfið sem félagið hefur farið í við Borgarbyggð.

Breytingar á starfi UMFÍ, Sæmundur framkvæmdastjóri UMFÍ lætur af störfum 1. maí. Unnið hefur verið að stefnumótun og framtíðarsýn landsmóta UMFÍ. Niðurstöður þeirrar vinnu ættu að liggja fyrir í byrjun október.

Unglingalandsmót á Akureyri í sumar, og +50 á Blöndósi. UMSB

stendur fyrir unglíngalandsmóti 2016. Fyrirhugaðar breytingar eða endurskoðun á stóra landsmótinu munu koma inn á þingið sem haldið verður í haust. Vorfundur verður haldin í Danmörku og stendur til að heimsækja systurfélög og kynnast starfsemi þar. Heyfivikan (move week) er 21-28.september.

Borgfirðingar hafa verið duglegir að mæta á samstarfsfundi á vegum UMFÍ. Mikið starf framundan og minnir á þá sjóði sem UMFÍ hefur verið að bjóða upp á. Minnir sérstaklega á Evrópu unga fólksins sem er að fara af stað núna. Þakkar fyrir samstarfið.

Guðmundur fundarstjóri spyr hvort auglýsa eigi stöðu framkvæmdastjóra.

Gunnar: Það var auglýst um síðust helgi og frestur til að sækja um er til 16. Mars. 2015

9. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga – Pálmi Blængson kynnir tillögur stjórnar að breytingum  
Sjá þingskjal – Tillögur stjórnar UMSB fyrir sambandsþing 2015

10.Þinghlé – Nefndir starfa

11.Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

### **Tillögur stjórnar UMSB fyrir sambandsþing 2015**

1. 93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að leggja fram ályktun til UMFÍ um að leggja niður skylduáskrift aðildarfélaganna að Skinfaxa.
  - a. Alsherjarnefndar leggur til að tillagan verði felld. – Tillagan var felld
2. 93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2015, sbr. þingskjal 1. – Samþykkt samhjóða með greinagerð

- a. Lýsum yfir ánægju með reikninga og áætlun en leggjum áherslu á að áfram verði aðhald í rekstri og samninga leitað um rekstrarliði þar sem mögulegt er t.d. síma og fleira.
  - b. Ábending um að uppsetning á áætlun og rekstrarreikning verði samræmd svo hægt verði að bera þær saman með einföldum hætti.
  - c. Áhyggjur af því að ýmis smá kostnaður sem gæti fallið á UMSB vegna unglíngalandsmóts sé vanmetinn í áætlun
3. 93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að félagaskattur verði 450 kr. á hvern skattskyldan féлага fyrir árið 2015. Samþykkt samhljóða
  4. 93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að þakka Sveitafélaginu Borgarbyggð samstarfið og stuðninginn á liðnu ári. Breytingartillaga hér að neðan.
    - a. Alsherjarnefnd leggur til eftirfarandi breytingu
    - b. *93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 þakkar Sveitafélaginu Borgarbyggð samstarfið og stuðninginn á liðnu ári. – Breytingartillaga samþykkt samhljóða*
  5. 93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 þakkar styrktaraðilum fyrir veittan stuðning á liðnu ári. – Samþykkt samhljóða
  6. 93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að tilnefna Veroniku Sigurvinsdóttur í valnefnd fyrir útnefningu íþróttamanns ársins. – Samþykkt samhljóða
  7. 93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að kjósa Rósu Marinósdóttur, Írisi Grönfeldt og Kristmar Ólafsson í stjórn

afreksmannasjóðs UMSB til næstu tveggja ára. – Samþykkt samhljóða

8. 93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir fyrirbyggjandi stefnu UMSB samkvæmt þingskjali 2. – Samþykkt samhljóða
9. 93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að fela stjórn UMSB að leggja fram endurskoðuð framtíðarmarkmið sambandsins á formannafundi haustið 2015.

Kristmar fagnar góðu starfi og að markmiðum hafi verið náð. Vill samt gera athugasemd um að þetta sé ekki unnið hér þar sem hann telur hluta af velgengni fyrri markmiða hafa verið að hún var unnin að hluta á sambandsþingi. Kristmar leggur fram eftirfarandi breytingartillögu við tillögu nr. 10.

93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að fela stjórn UMSB að boða til almenns stefnumótunarfundar þar sem fjallað verði um stefnu og markmið UMSB. Stjórn UMSB mun svo leggja fram endurskoðuð framtíðarmarkmið sambandsins á formannafundi haustið 2015 með hliðsjón af niðurstöðu stefnumótunarfunarins. - Breytingartillaga samþykkt samhljóða

- 10.93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 staðfestir inngöngu Dansípróttafélags Borgarbyggðar í UMSB. Samþykkt samhljóða
- 11.93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 staðfestir inngöngu Mótorsportfélags Borgarfjarðar í UMSB. Samþykkt samhljóða
- 12.93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að tilnefna Ásgeir Ásgeirsson á íþróttaping ÍSÍ. – Samþykkt samhljóða

13.93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að færa Golfklúbb Húsafells á lista yfir óvirk aðildarfélög. Samþykkt samhljóða

14.93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að fela stjórn sambandsins að sækja um viðurkenninguna Fyrirmyndar héraðssamband ÍSí. – Samþykkt samhljóða

Tillaga frá Alsherjarnefnd

15.93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að stjórn UMSB skipi undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmót UMFÍ 2016 hið fyrsta. – Samþykkt samhljóða

Tillaga frá Fjárhagsnefnd

16.93. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Félagsheimilinu Logalandi 7. mars 2015 samþykkir að Afreksmannasjóður verði tekinn út úr reikningum UMSB og gerður upp sérstaklega. Samþykkt samhljóða

12. Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

a. Reikningar samþykktir

13. Kosning stjórnar – Uppstillinganefnd skilaði af sér eftirfarandi tilnefningum sem allar voru samþykkaðar samhljóða.

a. Sambandsstjóri – Sigurður Guðmundsson

b. Ritari – Sólrún Halla Bjarnadóttir

c. Vara ritari – Aðalsteinn Símonarson

d. Meðstjórnandi – Þórhildur María Kristinsdóttir

e. Vara meðstjórnandi – Anna Dís Þórarinsdóttir

f. Eftirfarandi starfa áfram í stjórn og voru kosnir á síðasta þingi.

i. Vara sambandsstjóri – Ásgeir Ásgeirsson

ii. Vara vara sambandsstjóri Jón Eiríkur Eiríksson

14. Kosning á íþróttaping ÍSí

a. Ásgeir Ásgeirsson kjörinn fulltrúi UMSB



#### 15. Önnur mál

- a. Hrönn Jónsdóttir veitti starfsmerki til Stefáns Loga fyrir vel unnin störf innan hreyfingarinnar.
- b. Pálmi Blængsson vill umræðu um hvort halda eigi þing sem þessi annað hvort ár eða taka þau seinni part eða á kvöldin Kristján Gísli er mjög ánægður með þetta þing eins og það hefur verið. Gott að þau séu 5-6 tíma hvort sem það sé kvöldstund eða dagsstund.

#### 16. Þinggerð – þingslit

Þinggerð verður send út á formenn allra aðildarfélaganna UMSB til samþykktar á næsta formannafundi.

Þingritarar:

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Berglind Ósk Guðjónsdóttir